

Byggingarlýsing:

Almennt:
Sótt er um leyfi til að byggja við og þar með stækka núverandi bílskúr og byggja tengibyggingu milli bílskúrs og íbúðarhús á lóð nr. 2 við Mánabraut. Tengibyggingin kemur til með að innihalda nýjan gang og þvottahús og einnig verður þá innangengt úr íbúðarhúsi út í bílskúrinn. Núverandi þvottahús verður breytt í anddyri og núverandi salerni og anddyri á neðri hæð verður breitt í baðherbergi. Þak tengibyggingar kemur einnig til með að ná yfir núverandi bílskúr og tengist þaki íbúðarhúss. Einnig er sótt um leyfi til að stækka svalir 0,6 m til norðurs og lengja í leiðinni þakið yfir þeim og veggj undir þeim á 1. hæð sem því nemur. Einnig er sótt um leyfi til að breyta og stækka þakkvist á suðurþekju hússins ásamt því að setja rennihurð á suðurhlíð hússins, úr stofu út í garð. Einnig verður innra skipulagi hússins aðeins breytt og einhverjir gluggar verða teknir og aðrir koma í staðin. Klæðning núverandi þaks verður endurnýjað og verður ný þakklæðning lektuð og hækkað þak núverandi húss sem því nemur. Að lokum verður húsið endurklætt að mestu með standandi viðarklæðningu úr cedrus við einnig svartri sléttri álklaðningu.

Stærðir: Mhl:01
Fasteignanúmer: F2181043
Landeignanúmer: L159857
Staðgreinir: 8401-6-58930020
Brúttó flatarmál: xxx,x m²
Brúttó rúmmál: xxxx,x m³
Lóðarstærð: 800,0 m²
Nýtingarhlutfall: 0,xx

Útveggir:
Útveggir viðbyggingar við bílskúr sem snúa að lóðarmörkum verða steypfir og eru 150 mm þykkir, einangraðir að innan líkt og núverandi bílskúr líklega með 75 mm og innan á hana verður múrað. Aðrir útveggir bílskúrsins og tengibyggingar verða úr 45x145 timbri og einangraðir með 150 mm steinull milli stoða. Utan á timburstoðir kemur 9 mm krossviður. Utan á krossvið kemur lárétt 20 mm loftunargrind og þar utan á lóðrétt timburklæðning úr cedrus við en slétt álklaðning á framhlíð bílskúrsins. Að innan verða útveggir klæddir með rakavamarlagi, 35x45 mm rafmagnsgrind, 13 mm rakaheldum spónaplötum eða 12 mm krossvið en 13 mm gipsplötur verða innst (klæðning í flokki 1). Núverandi hús verður endurklætt að mestu með standandi viðarklæðningu úr cedrus við einnig svartri sléttri álklaðningu á norðurhlíð hússins.

Gluggar og hurðir:
Gluggar og hurðir verða úr timbri. Gler verður tvöfalt K-gler.

Þak:
Þak yfir núverandi bílskúr verður uppstólað timburþak á núverandi steypa loftaplötu og tengist síðan við núverandi þak á íbúðarhúsi. Ný og eldri þök verða öll lektuð upp og þykkjast núverandi þök og mænishæð hússins hækkað sem því nemur. Burðarvirki nýs þaks yfir bílskúr og tengibyggingu verður úr 45x145 timbri á 45x95 timburstólum. Þakið verður síðan klætt með 25x150 mm borðaklæðningu, þakpappa, 35x45 lektum með krossviðarkubbum undir til að lyfta lektum frá pappanum og síðan verða þökin klæð með lituðu bárujárn.

Gólf:
Botnplata tengibyggingar og stækkun bílskúrs er 120 mm þykk á fyllingu, járnþent og staðsteyp. Gólfefni eru flísar. Einangrun undir botnplötu er 100 mm plasteinangrun.

Grundun:
Húsið verður grundað á frostfríri þjappaðri, burðarhæftri fyllingu sem nær niður í sama kóta og fylling undir núverandi bílskúr og íbúðarhús.

Innveggir:
Innveggir eru úr 70 mm blikkstoðum með 70 mm þéttull á milli stoða. Utan á stoðir koma 13 mm rakaheldar spónaplötur og yst koma 13 mm gipsplötur.


Lagnir:
Neysluvatnslagnir tengibyggingar verða úr álþexi og tengjast núverandi lögnum hússins. Gólfhiti verður ísteypdur í botnplötu viðbyggingar. Raflagnir verða ýmist ísteyptar eða lagðar í milliveggjum eða frástar í þá. Fráveita verður tengd núverandi frárennsli hússins sem eru tengdar frárennslikerfi bæjarins.

Loftræsing:
Húsið verður loftræst með opnanlegum fögum á gluggum.


Brunavarnir:
Húsið er í notkunarflokki 3. Tvö handslökkvitæki verða í húsinu, annars vegar í bílskúr og hins vegar í anddyri hússins íbúð hússins. Reykskynjarar skulu vera í hverju herbergi, eldhúsi, alrýmum og bílskúr.

Kólnunartölur tengibyggingar:
U-gildi útveggja < 0,3 W/m² K
U-gildi þaks < 0,2 W/m² K
U-gildi gólfs < 0,3 W/m² K
U-gildi hurða < 3,0 W/m² K
U-gildi glugga < 2,00 W/m² K

Að öðru leyti er vísað í teikningar Ásmundar Harðarsonar og Karls-Erik Rocksén hjá Stikan ehf. dagsettum í mars 1982.



Afstöðumynd, 1:500



Í vinnslu
23.12.2022

Table with 4 columns: Dags, Nr., Breytingar, Samb. It contains several empty rows for tracking changes.



Felismúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 517 9050 • Netfang: verkhof@verkhof.is

Technical drawing header table with fields for project name (Mánabraut 2), location (Höfn Hornafirði), drawing title (Aðal- og brunavarnaruppdráttur), scale (1:500), and drawing number (102).